



Fjallabyggð

2009

Frístundastefna

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leiðarljós	3
Framtíðarsýn	3
Markmið og leiðir	3
Aðgengi, jafnrétti og jafnræði	3
Samskipti og samstarf	4
Fjölskylduvænt frístundastarf.....	4
Forvarnir	5
Sérstakar áherslur í frístundastarfi	5
Félagsstarf	5
Íþróttastarf	5
Æskulýðsstarf.....	6
Aðrar frístundir	6
Nýting auðlinda	6
Fjármunir	6
Mannauður.....	6
Félagsauður	7
Reynsla	7
Þekking	7
Mannvirki og aðstaða	7

Inngangur

Snemma árs 2008 var byrjað að undirbúa stefnumótunarvinnu, eftir að frístundanefnd Fjallabyggðar hafði kallað eftir slíkri stefnu. Skipaður var vinnuhópur sem í sátu fulltrúar úr frístundanefnd, starfsmenn sveitarfélagsins og fulltrúar frá héraðssamböndum svæðisins, það er Íþróttabandalagi Siglufjarðar (ÍBS) og Ungmenna- og íþróttasambandi Ólafsfjarðar (UÍÓ). Lögð var áhersla á að fá fram sem flest sjónarmið hagsmunaaðila og að sem flestir fengju tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Frístundastarf er mjög víðtækt og er í raun allt sem við gerum í frítíma okkar. Leitað var til fulltrúa íþrótt-, tómstunda- og félagsstarfs í sveitarfélaginu og haldnir fundir með unglingum í félagsmiðstöðvum. Á þessum fundum var unnin SVÓT greining, það er kannaðir styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri í þessum málaflokki. Á fundunum urðu miklar umræður um þá fjölbreytni og mörgu tækifæri sem til staðar eru í Fjallabyggð. Nefna má mikla íþróttahéð sem vert er að halda í. Það sem fram kom á þessum fundum hefur vinnuhópurinn notað sem leiðandi punkta við gerð þessarar stefnu.

Frístundastefnu Fjallabyggðar er ætlað að vera leiðbeinandi um það hvernig frístundamálum skal hagað í framtíðinni svo að sem flestir njóti góðs af, enda hefur virk þátttaka forvarnagildi, eflir samstöðu og eykur lífsgæði. Mikil áhersla hefur verið lögð á samvistir fjölskyldunnar, jöfn tækifæri, samskipti og samstarf. Það endurspeglar þau leiðarljós sem sett voru í upphafi um heilbrigt, fjölskylduvænt og traust samfélag.

Leiðarljós

Fjallabyggð – heilbrigt, fjölskylduvænt og traust samfélag.

Framtíðarsýn

Fjallabyggð er fjölskylduvænt samfélag með fjölbreytt frístundastarf við allra hæfi sem stuðlar að heilbrigðum lífsstíl í góðum tengslum við náttúru og umhverfi. Aðgengi að frístundastarfi er gott og íbúar eru virkir þátttakendur. Í Fjallabyggð er góð aðstaða til frístundastarfs sem miðað er við þarfir notenda og öryggi haft í fyrirrúmi. Góður stuðningur er við efnilegt íþróttafólk og þá sem skara fram úr. Samskipti og samstarf þeirra sem koma að frístundastarfi er gott og faglegt. Fjallabyggð er eftirsóknarverð til búsetu vegna framboðs á frístundastarfi.

Markmið og leiðir

Aðgengi, jafnrétti og jafnræði

Allir íbúar Fjallabyggðar skulu eiga þess kost að stunda fjölbreytt frístundastarf við sitt hæfi. Íbúar skulu vera vel upplýstir um framboð frístundastarfs og hafa jafnan aðgang að því, án tillits til félagslegra þátta, svo sem efnahags, kyns, líkamlegrar færni, aldurs eða uppruna. Hvatt skal til þátttöku allra, jafnréttis gætt milli einstaklinga og jafnræðis milli tegunda frístundastarfs.

- Félög og frumkvöðlar í frístundastarfi skulu hafa jafnt aðgengi að fjármagni, stuðningi og aðstöðu á vegum Fjallabyggðar eftir skýrum og gagnsæjum leiðum og reglum. Reglur skulu stuðla að frístundastarfi sem samræmist markmiðum sveitarfélagsins um jöfn tækifæri íbúa.
- Leitast skal við að mæta þörfum allra þátttakenda hvort sem um er að ræða almenna þátttakendur eða afreksfólk.

- Gert skal átak í aðgengi fatlaðra að frístundamannvirkjum í eigu Fjallabyggðar og leitast við að styðja og hvetja aðra sem reka slík mannvirki til úrbóta á þessu sviði.
- Fjallabyggð skal styrkja börn og unglinga til þátttöku í frístundastarfi, til dæmis með útgáfu frístundakorts sem handhafar geta notað til að greiða fyrir þátttöku.
- Fjallabyggð skal styðja við bakið á félögum og öðrum sem starfa að frístundamálum með fjárstuðningi, aðstoð og ráðgjöf og sýna frumkvæði í uppbyggingu og eflingu frístundastarfs.
- Frístundastarf í Fjallabyggð skal kynnt fyrir íbúum og góðar upplýsingar um það skulu vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Sérstök áhersla skal lögð á kynningu fyrir nýbúum í sveitarfélaginu.
- Boðið skal upp á almenningssamgöngur sem gera íbúum kleift að nýta sér frístundastarf sem er í boði og haft samráð við aðila í frístundastarfi um skipulagningu.

Samskipti og samstarf

Í Fjallabyggð á að vera gott og faglegt samstarf milli aðila sem vinna að frístundamálum, svo sem notenda, héraðssambands, félaga, foreldra, starfsmanna sveitarfélagsins, fulltrúa í frístundanefnd, frumkvöðla og þjálfara. Samráð skal haft um skipulagningu frístundastarfs milli félaga, fræðslustofnana og starfsmanna frístundamannvirkja og samskipti skulu vera opin og heiðarleg. Notendum skal gefinn kostur á að vera virkir þátttakendur í skipulagningu starfsins.

- Fjallabyggð skal stuðla að samstarfi aðila að skipulagi, til dæmis með forgöngu um samráðsfundi og samstarfsvettvang aðila. Sérstök áhersla skal lögð á góða samvinnu milli kynslóða.
- Reglur sveitarfélagsins um styrkveitingar og notkun aðstöðu skulu vera skýrar og unnar í samráði við notendur.
- Reglur Fjallabyggðar um stuðning við frístundastarf og viðburði skulu endurspeglar áherslur sveitarfélagsins um samfélagslegt gildi frístundastarfs.
- Skipulag frístundastarfs í Fjallabyggð skal taka mið af skólastarfi og aldri þátttakenda.
- Leitað skal eftir samstarfi við fyrirtæki um eflingu og uppbyggingu frístundastarfs. Framlag fyrirtækja gæti verið fjárstuðningur, nýting þekkingar og aðstöðu.
- Stofnað skal ungmennaráð, meðal annars til að stuðla að þátttöku ungmenna í uppbyggingu og skipulagningu frístundastarfs sem tekur mið af þörfum þeirra.
- Samráðsfundir fagstjóra Fjallabyggðar skulu haldnir reglulega til að tryggja samráð og samstarf innan stjórnsýslunnar um frístundamál.

Fjölskylduvænt frístundastarf

Frístundastarf í Fjallabyggð á að taka mið af þörfum fjölskyldufólks og stuðla að auknum samvistum fjölskyldunnar.

- Frístundastarf barna skal skipulagt í framhaldi af skólastarfi þar sem því verður við komið þannig að því sé að jafnaði lokið þegar vinnutíma foreldra lýkur. Fjallabyggð skal leggja sitt af mörkum til að gera skipuleggjendum kleift að bjóða upp á frístundastarf fyrir börn í framhaldi af skólastarfi.
- Boðið skal upp á fjölskyldumiðað frístundastarf sem er skipulagt með tilliti til vinnutíma foreldra svo fjölskyldan geti verið saman í frístundum sínum.
- Fjölskyldum skal veittur afsláttur af þjónustu sveitarfélagsins í frístundamálum.

- Fjallabyggð skal beita sér fyrir kynningu á fjölskyldumiðuðu frístundastarfi og sýna fordæmi með því að hvetja starfsmenn sína til þátttöku í slíku starfi.

Forvarnir

Frístundastarf í Fjallabyggð á að stuðla að heilbrigðum lífsstíl íbúa. Eldri þátttakendur í frístundastarfi eiga að vera hinum yngri góðar fyrirmyndir og hvatning til heilbrigðs lífennis.

- Fjallabyggð skal vera öðrum til fyrirmyndar í forvarnastarfi og forvarnafræðslu. Leitast skal við að starfsmenn, sem ráðnir eru til starfa á frístundasviði, hafi þekkingu og reynslu af forvörnum.
- Fjallabyggð skal mynda forvarnateymi með öðrum aðilum sem starfa að forvarnamálum í sveitarfélaginu og setja sér stefnu í vímuvarnamálum.
- Gott samstarf skal vera milli aðila um forvarnafræðslu í skóla- og frístundastarfi.
- Hvetja skal börn og unglunga til að setja sér markmið og þau studd til þess að ná þeim.
- Frístundastarf skal miðast við að börn og unglingar hafi aðgang að fjölbreyttu frístundastarfi þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og haft eitthvað fyrir stafni.
- Fjallabyggð skal stuðla að því að þeir sem starfa að frístundamálum hafi haldgóða þekkingu á sínu sviði og beita sér fyrir reglulegum forvarnanámskeiðum fyrir þessa aðila.

Sérstakar áherslur í frístundastarfi

Frístundastarf getur verið mjög fjölbreytt og nær í raun til alls þess sem fólk gerir í frístundum sínum. Í þessum kafla er frístundastarfi skipt í fjóra flokka: félagsstarf, íþróttastarf, æskulýðsstarf og aðrar frístundir. Virk þátttaka hefur forvarnagildi, eflir samstöðu og eykur lífsgæði. Það er því hagur allra að sem flestir leggi sitt af mörkum.

Félagsstarf

Í Fjallabyggð á að vera öflugt félagsstarf og virkir þátttakendur sem flestir. Félagsstarfið á að stuðla að aukinni vellíðan og ánægju íbúa, efla þroska og auka viðsýni.

- Fjallabyggð skal stuðla að því að félagasamtök geti kynnt starfsemi sína með skipulegum hætti, til dæmis með því að leggja til heimasíður og standa fyrir skipulögðum kynningum á félagsstarfi.
- Reglur Fjallabyggðar um stuðning við félagsstarf og viðburði skulu endurspegla áherslur sveitarfélagsins um samfélagslegt gildi félagsstarfs.

Íþróttastarf

Íþróttastarf í Fjallabyggð á að vera öllum opið. Sérstök áhersla skal lögð á íþróttaiðkun barna og unglunga og unnið skal gegn brottfalli. Hlúð skal sérstaklega að efnilegum iðkendum og þeim gert mögulegt að ná sem bestum árangri. Afreksmenn skulu hvattir til dáða og virkjaðir sem fyrirmyndir. Leita skal leiða til þess að fjármagn, sem Fjallabyggð leggur til íþróttastarfs, skili sem mestum ávinningi.

- Stofnaður skal afreksmannasjóður í samstarfi við sameinað héraðssamband sem starfar eftir sanngjörnum og gagnsæjum reglum. Fjármagni skal úthlutað úr sjóðnum þegar skilyrði til úthlutunar eru uppfyllt og leitast við að tengja það við kjör íþróttamanns ársins í Fjallabyggð.
- Samstarf milli sveitarfélagsins og íþróttahreyfingarinnar um ráðstöfun fjármagns skal aukið til að stuðla að sem bestri nýtingu þess.

- Reglur Fjallabyggðar um stuðning við íþróttastarf skulu taka mið af ástundun iðkenda og árangri af starfinu. Barna og unglíngastarfi skal gert hátt undir höfði og fjárveitingar merktar því starfi sérstaklega.
- Íþróttafélög skulu hvött til að bjóða upp á opna tíma fyrir almenning.
- Félögum í Fjallabyggð, sem verða fyrirmyndafélög ÍSí og eru með skilvirkt og framsækið félagsstarf sem byggir á barna og unglíngastefnu ÍSí, skal veitt umbun fyrir árangur sinn.

Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf í Fjallabyggð á að vera fjölbreytt og gott samstarf á að vera milli aðila sem vinna með börnum og unglíngum. Fjallabyggð skal reka félagsmiðstöðvar þar sem boðið er upp á fjölbreytta afþreyingu, fræðslu og félagslíf sem höfðar til notenda í aðlaðandi umhverfi.

- Félagsmiðstöðvum í Fjallabyggð skal búið hentugt húsnæði fyrir slíka starfsemi. Aðbúnaður skal vera góður og stuðla að ánægju og vellíðan þeirra sem þangað sækja.
- Starf félagsmiðstöðva skal skipulagt í samráði við aðra sem starfa að frístundamálum.
- Fjármunum skal veitt til námskeiðahalds í tengslum við starfsemi félagsmiðstöðva.

Aðrar frístundir

Íbúar skulu hvattir til að stunda heilbrigða útivist, líkamsrækt og annað frístundastarf þar sem áhersla er lögð á heilbriggt lífverni og samvistir fjölskyldunnar.

- Upplýsingar um gönguleiðir skulu gerðar aðgengilegar, til dæmis á heimasíðu og með útgáfu gönguleiðakorta.
- Aðstaða og aðgengi að líkamsrækt skulu vera góð. Verðlagning skal vera sanngjörn og í takt við markmið stefnunnar.
- Unnið skal að uppbyggingu göngu- og hjólreiðastíga í þéttbýli og nágrenni þess.

Nýting auðlinda

Auðlindir í Fjallabyggð skulu nýttar á sem bestan hátt.

- Tekið skal mið af möguleikum til frístundastarfs við gerð aðalskipulags og uppbyggingu í umhverfismálum.
- Haft skal samráð við héraðssamband, félög og iðkendur um ráðstöfun fjármagns og uppbyggingu íþróttamannvirkja.
- Þrýst skal á sameiningu og hagræðingu í félagsstarfi þannig að fjármunir nýtist sem best og uppbygging verði markviss.

Fjármunir

Fjallabyggð mun leggja fjármuni til íþrótt- og útivistarmála og stuðla að því að sveitarfélagið verði til fyrirmyndar að þessu leyti á komandi árum.

Mannauður

Sá mannauður sem til staðar er í sveitarfélaginu skal nýttur og þeir sem flytja í Fjallabyggð virkjaðir til þáttöku.

Félagsauður

Fólk, sem staðið hefur að félagsmálum, skal hvatt til frekari afreka svo að frístundastarf í byggðarlaginu aukist og dafni.

Reynsla

Hlúð skal að þeirri miklu reynslu og þekkingu á frístundastarfi sem til er í Fjallabyggð. Reynsla þeirra mörgu afreksmanna í íþróttum og fólks sem starfað hefur að félagsmálum og býr og starfar í sveitarfélaginu, skal nýtt og byggt á reynslu þess til framtíðar.

Þekking

Byggt skal á þeirri þekkingu sem til staðar er í frístundastarfi í sveitarfélaginu og íbúunum gert kleift að njóta sambærilegra lífsgæða og önnur sveitarfélög veita.

Mannvirki og aðstaða

Fjallabyggð ætlar að styðja við uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir allt frístundastarf. Áhersla skal lögð á að viðhalda mannvirkjum sem til staðar eru. Fjallabyggð stefnir að því að íþróttaaðstaða og mannvirki verði byggt upp eftir kröfum nútímans og verði sambærileg því sem gerist í öðrum byggðarlögum.

Samþykkt á 38. fundi bæjarstjórnar þann 19. maí 2009.